



REGLUR UM ÚTHLUTUN LÓÐA Í FLÓAHVERFI

1.gr.

Umboð til úthlutunar á byggingarlóðum

Um úthlutun lóða í Flóahverfi gilda reglur um úthlutun lóða sem samþykktar voru í bæjarstjórn 24. nóvember 2020, utan neðangreindra breytinga.

2. gr.

Val á lóðarhöfum

Varðandi úthlutun lóða í Flóahverfi skal horft til þátta sem styðja undir græna iðngarða. Horft skal m.a til eftirfarandi:

- Samval fyrirtækja þ.a. möguleiki sé á samnýtingu í starfsemi þeirra og um sambærileg fyrirtæki sé að ræða á svæði sem afmarkað er vegna starfsemi þeirra.
- Horft sé til þátta sem stuðla að samkeppnishæfni svæðisins t.d. er varðar samnýtingu auðlinda.
- Fyrirtæki gangist undir þá skilmála sem í gildi eru hverju sinni og stuðla að samvinnu fyrirtækja innan svæðisins.
- Fyrirtæki gangast undir stefnu Akraneskaupstaðar um græna iðngarða.
- Horft verði til hvar viðkomandi starfsemi eigi heima innan svæðisins.
- Umsóknir um lóðir verða grundvallaðar á ofangreindum áherslupunktum en ekki fyrstur kemur fyrstur fær.

Samþykkt í bæjarráði þann 11. nóvember 2021

Samþykkt í bæjarstjórn Akraness þann 23. nóvember 2021.

Fyrir hönd Akraneskaupstaðar,

Sævar Freyr Þráinsson

bæjarstjóri

